



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Viðauki III

Athugasemdir úr innanlandssamráði

Málsnúmer: 2019020057



EFNISYFIRLIT

Bls.

1	Inngangur	3
2	Almennar athugasemdir	3
3	Athugasemdir varðandi uppbyggingu gjaldskrár	6
4	Gjaldskrár tengdar sérsamningum Mílu.....	16
5	Rekstrarkostnaður	18
6	Svör markaðsaðila við andsvörum Mílu	19

1 Inngangur

Frumdrög PFS að ákvörðun um heildsölugjaldskrá fyrir stofnlínuhluta leigulína fór í innanlandssamráð sem stóð frá 29. október til 13. nóvember 2020. Athugasemdir bárust frá Nova hf. (Nova) og Gagnaveitu Reykjavíkur (GR). PFS gaf Mílu kost á að svara þeim athugasemdum sem bárust og bar síðan svör Mílu undir Nova og GR.

Í umsögn Mílu kom fram að í kjölfar athugasemda GR og Nova hafi Míla farið yfir verðskrá fyrir 100 Gb/s með það fyrir augum hvort fyrirtækið gæti lækkað verð fyrir þessa vöru. Míla telji mögulegt að breyta vegalengdaflokkum fyrir 100 Gb/s þannig að flokkur 3 verði 100-250 km og í flokki 4 verði sambönd umfram 250 km. Með því móti muni leiðin á milli Reykjavíkur og Akureyrar lækka verulega. Míla muni skoða áfram verðskráruppbyggingu fyrir 100 Gb/s og bjóða lægra verð (með samþykki PFS) verði eftirspurnin með þeim hætti að það skapist svigrúm til lækkunar. Eins og fram hafi komið verði Míla að meta áhrif mikilla breytinga á þjónustuframboðið eða verðskrá á núverandi tekjur fyrirtækisins.

2 Almennar athugasemdir

Nova taldi að [...]¹

Jákvætt væri þó að sjá nú möguleika á 100 Gb/s tengingum sem gætu nýst við samtengingu landshluta, og að auki gæti það aukið hraða m.a. við uppbyggingu 5G farneta, sem og fjölgað öðrum þjónustutækifærum á landsbyggðinni.

Til þess að slík uppbygging gæti verið hagkvæm þyrfti verðlagning að vera raunhæf. Það væru því mikil vonbrigði að verðskrá Mílu skuli ekki vera í takt við þarfir markaðsaðila og hamli þar af leiðandi eðlilegri uppbyggingu og framþróun.

Alltof hátt verð geri það að verkum að innkoma inn á ný markaðssvæði verði afar áhættusöm, sem hamli mjög vexti. Mikil trygging þurfi að vera fyrir miklum og vaxandi viðskiptum á svæðum þar sem gunninnviðir séu svo dýrir.

Há verð á grunninnviðum torveldi því samkeppni og möguleikum á að veita góða og öflugra þjónustu um allt land. [...] Slík uppbygging stuðli að nýsköpun og skapi tækifæri til að hagnýta tæknina til að auka hagsæld og velferð í samfélaginu. Það varði því gríðarlega hagsmuni fyrir uppbyggingu fjarskiptakerfa á Íslandi, hagsmuni neytenda og samfélagsins alls að hagkvæmar stofnbrautir samskipta séu í boði.

Nova telji að stefið í verðlagningu Mílu sé úrelt og styðji ekki nógu vel við uppbyggingu og þróun fjarskipta í landinu. Hátt verð skapi mjög áhættusamar aðstæður (aðgangshindrun) og

¹ Fellt brott vegna trúnaðar.

hamli vexti inn á ný markaðssvæði og því verði torfvelt að byggja upp samkeppni og góða þjónustu um land allt.

Andsvar Mílu

Míla benti á að fyrirtækið hafi markvisst unnið að því undanfarin ár að byggja upp fjarskiptanet sitt í samræmi við þarfir viðskiptavina og hafi í því skyni byggt upp verðskrá sína með þeim hætti að samböndin verði hlutfallslega ódýrari eftir því sem samböndin verði bandbreiðari. Þá hafi Míla unnið að því að auka framboð á gagnaflutningshraða jafnt og þétt og lækkað verð á bandbreiðum samböndum til þess að fjarskiptafyrirtæki geti boðið betri þjónustu og meiri gagnaflutning á svipuðu eða jafnvel lægra verði.

Samanburður á verði háhraðatenginga Mílu:

	100 Km				200 Km			
	2004	2011 fyrirh.verð	Breyting		2004	2011 fyrirh.verð	Breyting	
622 Mb/s	749.285		396.285	-47%	1.195.985		702.008	-41%
1 Gb/s LL		513.253	463.695	-10%		921.848	821.153	-11%
1 Gb/s Ethernetþj.			295.916	-42%			296.916	-68%
10 Gb/ LL		1.128.985				2.063.670		
10 Gb/ Ethernetþj			672.975	-40%			672.974	-67%
100 Gb/S			1.402.038				1.745.548	

Mesti bitahraði sem Míla hafi boðið á árinu 2004 hafi verið 622 Mb/s leigulína. Leiguverð fyrir 100 km hafi lækkað um 47% á þessu tímabili og fyrir 200 km hafi leigan lækkað um 41%. Miðað sé við 15% afslátt eftir 2011.

Nokkrum árum síðar hafi bandbreiðustu leigulínurnar farið í 1 og 10 Gb/s. Frá árinu 2011 hafi leiguverð fyrir 100 km leigulínu lækkað um 10% og verð fyrir 200 km lækkað um 11%. Á árinu 2014 hafi Míla farið að bjóða Ethernetþjónustu. Þessi vara hafi verið hugsuð fyrir háhraða tengingar á leiðum þar sem bandvíddarþörf væri mikil. Ef verð fyrir Ethernetþjónustu sé borin saman við leigulínu 2011 sé lækkunin 42% fyrir 100 km samband og 68% fyrir 200 km. Miðað sé við tvö tengiskil.

Sami samanburður á 10 Gb/s sýni 40% lækkun fyrir 100 km samband og 67% lækkun fyrir 200 km.

Fyrirhugað verð fyrir 100 km samband með 100 Gb/s gagnaflutningshraða sé 1.402.038 kr. og ef um sé að ræða 200 km sé það 1.745.548 kr. Sé þetta borið saman við 10 Gb/s samband árið 2011 sé munurinn aðeins 24% fyrir 100 km samband, þ.e. 10 sinnum meiri hraði fyrir 24% hærri verð. Ef um sé að ræða 200 km sé fyrirhugað verð fyrir 100 Gb/s rúmlega 15% lægra en 10 Gb/s kostuðu árið 2011. Til samanburðar hafi vísitala neysluverðs á þessu tímabili hækkað um tæplega 30%.

Eins og sjá megí á dæmunum hér að ofan hafi Míla aukið bandvídd í samræmi við þarfir markaðarins og á sama tíma lækkað verð, enda hafi tekjur Mílu af Stofnnetinu lítið breyst. Þá

sé rétt að benda á að tekjur Mílu af stofnneti stefni í það að vera lægri en þær voru árið 2011, en gagnamagnið hafi aukist gríðarlega á þessu tímabili. Af ofangreindu megi sjá að góð hagræðing hafi átt sér stað síðastliðin ár, öfugt við það sem Nova haldi fram.

Míla bendi á að umhverfi Stofnnets Mílu og verðlagning sé háð eftirliti PFS og byggi leiguverð á kostnaðargreindu jafnaðarverði. Þannig sé fjárfestingum, uppbyggingu og rekstrarkostnaði deilt niður á vörur í samræmi við þarfir og opinbera umgjörð en við gerð kostnaðarlíkana hafi Míla leitast við að hafa verð fyrir bandbreiðari sambönd hlutfallslega lág til þess að koma til móts við sívaxandi bandviddarþarfir þjónustuveitanda. Við gerð þessara líkana þurfi einnig að hafa í huga að þegar verð sé lágt á bandbreiðum samböndum, segi viðskiptavinir upp bandmjórri samböndum og leigi færri bandbreiðari sambönd í staðinn. Það sé því nauðsynlegt að taka tillit til þessa í kostnaðarlíkönunum svo fyrirtækið lendi ekki í því að tekjur hrynji sem leiði til hækkunar í næstu greiningu. Rétt sé þó að taka fram sem dæmi að þegar Míla hafi farið að bjóða Ethernetþjónustu hafi verið tekin sú meðvitaða ákvörðun taka á sig tímabundið tekjufall, til þess að auðvelda fyrirtækjum yfirfærslu frá hefðbundnum leigulínum yfir í Ethernetþjónustuna. Þetta hefði Míla ekki getað gert nema með sérstakri heimild frá PFS.

Míla telji að sú þróun í vöruframboði og verðbreyting sem hér sé lögð til hafi á engan hátt þau áhrif sem Nova lýsi.

Míla vilji enn fremur taka fram að fyrirtækið telji ákvörðunarferli PFS varðandi verðskrá allt of langt. Tæknibreytingar og mikil aukning í bandviddarþörf skili sér að mati Mílu ekki nægjanlega hratt í hagkvæmari verðskrá. Að sama skapi getur ofmat á væntum tekjum, t.d. ef gert sé ráð fyrir meiri leigu á háhraða samböndum en raunin verði, eða fleiri lághraða samböndum sagt upp en gert sé ráð fyrir haft afdrífaríkar afleiðingar fyrir rekstur Mílu þar sem leiðrétting á verði taki of langan tíma. Þetta valdi því að Míla þurfi að stíga varlegar til jarðar en ef fyrirtækið gæti „ítrað“ verðskrána jafnt og þétt.

Afstaða PFS

Eins og fram kom í frumdrögum PFS byggja kostnaðargreiningar á þessum markaði á ákvörðun PFS nr. 21/2015, dags. 12. ágúst 2015, um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína, þar sem lögð var verðkvöð á Mílu. Fram kemur í þeirri ákvörðun að verðskrá Mílu skuli byggð á sögulegum kostnaðargrunni. Þar kemur einnig fram að í mati á línuígildisstuðlum skuli að jafnaði taka tillit til kostnaðar í hlutfallslegu samhengi við afköst og lengd leigulína. Í ákvörðun PFS nr. 23/2015, dags. 12. ágúst 2015, um gjaldskrá Mílu fyrir Ethernetþjónustu á heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína, var uppbygging Ethernets gjaldskrárinnar ákvörðuð að grunni til. Ljóst er að Míla hefur rétt á því að endurheimta rekstrarkostnað og fjárfestingar við að veita viðkomandi þjónustu á hagkvæman hátt, ásamt hæfilegri arðsemi af fjárfestingunni. Ef kostnaðargreining Mílu fyrir stofnlínuhluta leigulína skilar niðurstöðu sem PFS telur ekki vera ásættanlega þegar horft er til verðlagsþróunar, getur PFS farið fram á endurskoðun á þeirri niðurstöðu. PFS taldi ekki vera ástæðu til að endurskoða niðurstöðu Mílu

að þessu leyti við yfirferð stofnunarinnar á kostnaðargreiningu Mílu og hefur PFS því samþykkt þann kostnaðargrunn sem hækkun á gjaldskrá Mílu byggir.

Notaðir eru stuðlar til að reikna ígildi þjónustubátta og þannig er lagt mat á virði mismunandi þjónustubátta. Í verðskrá MPLS-TP þjónustu Mílu er það gert út frá lengd sambanda og bandbreiddar. Kostnaðinum er síðan deilt niður á samböndin/þjónustubættina í samræmi við það. Það er því ekki hægt að lækka verðið á tilteknum samböndum án þess að það hafi áhrif á verð annarra sambanda.

Við þessa endurskoðun á gjaldskrá Mílu hefur PFS fallist á að breyta ekki uppbyggingu gjaldskrárinnar heldur láta uppbygginguna halda sér. Hins vegar gaf PFS Mílu heimild til að bæta við þjónustuframboðið, samböndum með meiri gagnahraða sem ekki eru að fullu í samræmi við þá uppbyggingu sem búið var að samþykkja. Forsenda PFS fyrir því samþykki var að tillaga Mílu fæli í sér lægri stuðla en notaðir höfðu verið og því minni hækkun milli gagnahraða en ef sömu stuðlar væru notaðir.

PFS hefur hafið undirbúning fyrir markaðsgreiningu á stofnlínumarkaði og eru athugasemdir Nova um stöðuna á þessum markaði innlegg í þá vinnu sem PFS mun horfa til. Reiknar PFS með að þeirri greiningu ljúki fyrir árslok 2021 eða snemma árs 2022.

Varðandi athugasemd Mílu um að ferlið við endurskoðun gjaldskrár sé langt þá getur PFS tekið undir það að svo getur farið í einhverjum tilfellum að það dragist fram úr hófi. Hins vegar er ekki æskilegt að gjaldskrá sé breytt of ört heldur, því það dregur úr fyrirsjáanleika á markaðinum.

3 Athugasemdir varðandi uppbyggingu gjaldskrár

Nova taldi að verðmódel sem byggir á stigvexti í takt við notkun (e. Pay as you grow) hugmyndafræði væri mjög mikilvæg og jafnvel nauðsynleg á tímum þar sem mikil þróun væri í umbreytingu á tækni og mikil þörf væri á kraftmiklum stofnbrautum.

Nova telji að þau verð sem hér séu sett fram séu ekki þess eðlis. Nova telji því að umrædd þjónusta muni ekki nýtast sem skildi í þágu samkeppni og hætta sé á að þeir innviðir sem byggðir eru sitji van- eða ónýttir í stað framþróunar á fjarskiptanetum.

[...]

Andsvör Mílu

Míla taldi fullyrðingar Nova lítt rökstuddar og benti á að það álit Nova um að verðmódel eigi að byggja á stigvexti í takt við notkun (e. Pay as you grow) sé nú þegar í raun innbyggt í verðskrána með þeim hætti að verðið sé stighækkandi á samböndum eftir því sem gagnaflutningshraðinn sé meiri.

Afstaða PFS



Eins og fram kemur í svari Mílu er verðskráin byggð þannig upp að verðið er stighækkandi eftir því sem gagnaflutningshraði sambandanna er meiri og því er að einhverju leyti komið til móts við þetta sjónarmið. Hins vegar er það ljóst að ef fjarskiptafyrirtæki hyggst þjónusta mjög fámenna staði á landsbyggðinni getur verð fyrir stofnsambönd verið það há að ekki séu viðskiptalegar forsendur fyrir minni fjarskiptafyrirtæki að bjóða slíka þjónustu fyrir mjög fáa viðskiptavinum. Varðandi athugasemd Nova um [...] PFS mun taka þessa athugasemd Nova til skoðunar í markaðsgreiningunni á stofnlínumarkaðinum, en PFS gerir ráð fyrir að ljúka vinnu við greininguna á þessu ári eða á fyrrihluta næsta árs.

GR taldi að verðlagning Mílu væri almennt þannig uppbyggð að hún skapi hindrun fyrir smærri aðila og uppbyggingu annarra aðila umhverfis landið til að skapa samkeppni við Símann. Þetta sýni sig vel í markaðsstöðu Símans á landsbyggðinni og eins slakri ljósleiðarauppbyggingu á þeim svæðum þar sem ekki eru sterk staðbundin fjarskiptafyrirtæki (t.a.m. á hluta Vestfjarða og í Eyjafirði).

Andsvar Mílu

Míla benti á að eins og þekkt sé hafi Vodafone í tæp 10 ár haft á leigu frá íslenska ríkinu þráð á landshring á verði sem sé langt undir markaðsverði að mati Mílu. Ein af forsendum útboðsins og þar með leigu til Vodafone hafi verið að koma á samkeppni við Mílu í stofnneti. Einnig eigi fjölmargir aðilar ljósleiðara víða um land. GR eigi ljósleiðara frá Bifröst til Vestmannaeyja og á Suðurnes, Orkuþjóni eiga víða ljósleiðara sem fjarskiptafélög hafi keypt sér aðgang að, Tengir eigi ljósleiðara á stórum svæðum á Norðausturlandi og mjög víða séu staðbundin sveitanet með ljósleiðara. Þessu til viðbótar kaupi Síminn stofnnetþjónustu af Mílu á sama verði og allir aðrir. Valkostirnir séu því margir og góðar forsendur fyrir samkeppni hafi verið til staðar í langan tíma. Smæð markaðar, arðsemi og fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu hafi áhrif á þann vilja sem nýir aðilar sem starfa á markaðslegum forsendum hafa til fjárfestinga og uppbyggingar úti á landi. Arðsemi þar sé víða takmörkuð eða aðrir kostir fýsilegri. Uppbygging á ljósleiðaratengingum til heimila sé ekki háð stofnneti Mílu eða verðlagningu hennar enda tilheyri þær öðrum markaði. Fjárfestingar á hvorum markaði um sig þurfi að standa sjálfstætt og óháð hvorum öðrum. Tengir og Snerpa hafa til dæmis byggt upp sínar tengingar til heimila óháð verðskrá stofnnets Mílu og séu nú sterk á aðgangsmarkaði fyrir ljósleiðaraheimtaugar á sínu starfssvæði. Stóru fjarskiptafélögin eigi öll eigið IP flutningslag sem nái um mest allt landið og sjá um allan flutning þeirra fjarskipta hringinn í kringum landið. Míla eigi enn sem komið er hið minnsta ekki slíkt IP flutningslag. Hver sá sem telji viðskiptalegar forsendur fyrir slíkri uppbyggingu geti gert það með leigu á ýmsum ljósleiðaravalkostum sem séu í boði, með leigu á stofnneti Mílu eða hjá Vodafone. Forsendur uppbyggingarinnar séu viðskipti við endanotendur og því hafi Síminn, Vodafone og Nova byggt landsdekkandi IP flutningslag sem undirlag fyrir fjarskiptaþjónustur fyrir sína notendur. Nova (áður Símafélagið) hafi byggt upp sína þjónustu að stórum hluta á síðustu 5 árum, „þrátt“ fyrir verðskrá Mílu. Það sé talsverð

fjárfesting að byggja upp svona þjónustu og minni aðilar geti keypt þessa þjónustu af þeim stærri og gera það.

Afstaða PFS

Varðandi umfjöllun Mílu um NATO leiðarann þá bendir PFS á að Míla á 5 þræði í þeim leiðara en Vodafone leigir einn þráð og er samningurinn um þann eina þráð að renna út. Mikill munur er því á aðstöðu Mílu og Vodafone til að veita þjónustu á NATO hringnum og á þeim forða sem fyrirtækin hafa yfir að ráða. Þá hefur tæknilegt fyrirkomulag sem felst í því að hafa einungis yfir einum þræði að ráða torvelað Vodafone að þróa heildsölupjónustu, þar sem bylgjulengdarþjónusta er erfiðleikum háð og kostnaðarsöm fyrir aðila sem ekki ræður yfir ljósleiðarapari. Varðandi fullyrðingu Mílu um að leiguverð fyrir þráðinn sem Vodafone leigir sé langt undir markaðsverði þá er rétt að benda á að ESA komst að þeirri niðurstöðu² eftir formlega rannsókn að umsamið verð leiguréttarins hafi samræmst markaðsvirði.

Míla hefur verið í yfirburðastöðu á stofnlínumarkaði hvað varðar útbreiðslu stofnnets þeirra á landsvísu og ef fjarskiptafyrirtæki vill ná til allra heimila á landinu þá kemst það ekki hjá því að nýta stofnnet Mílu á einn eða annan hátt. Það er því ekki þannig að þeir aðilar sem finnast verð Mílu of há geti alltaf leitað til annarra aðila með aðgang að stofnneti úti á landi.

PFS er ekki sammála Mílu um að uppbygging á ljósleiðaratengingum til heimila sé ekki háð stofnneti Mílu eða verðlagningu hennar. Þó stofnlínur tilheyri öðrum markaði en ljósleiðaratengingar til heimila þá er aðgangur að stofnneti nauðsynleg fjarskiptafyrirtækjum til að þau geti veitt þjónustu um heimtaugarnar. Þegar um er að ræða fámenna staði langt frá starfssvæði flestra fjarskiptafyrirtækja er líklegt að fá fjarskiptafyrirtæki séu reiðubúin að veita þjónustu um slíkar heimtaugar þar sem stór hluti kostnaðar við veitingu þjónustunnar er stofnlínukostnaður sem deilist á fáa viðskiptavinum.

Hins vegar er það eðli stofnnetsins að kostnaður þess er ekki háður fjölda viðskiptavina sem tengjast hverju sambandi sem fjarskiptafyrirtæki leigir og því hefur ekki verið tekið tillit til þess í uppbyggingu gjaldskrárinnar. Eins og fram hefur komið hér að framan þá er ekki hægt að lækka verð lengri sambanda nema að hækka verð á öðrum samböndum. Að þessu sinni ákvað PFS að samþykkja beiðni Mílu um að hrófla ekki við uppbyggingu stofnlínugjaldskrárinnar. PFS mun í yfirstandandi markaðsgreiningu á stofnlínumarkaðnum m.a. taka til skoðunar hvort breyta þurfi uppbyggingu gjaldskrárinnar ef til þess kemur að verðkvöð verði lögð á aðila með umtalsverðan markaðsstyrk.

Nova lagði til að Mílu verði aðeins heimilt að rukka í eitt skipti fyrir stofngjald „á sama stað“. Nú á tímum séu t.d. mörg fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu sem og á landsbyggðinni í miklum fjárhagskröggum og myndu mörg hver vilja minnka við sig kostnað vegna neta. Nær útilokað

² Ákvörðun ESA nr. 061/16/COL dags. 16. mars 2016.



væri að „pása“ eða segja upp þjónustu nema eiga það á hættu að fá aftur rukkun um há stofngjöld.

Andsvör Mílu

Fram kom hjá Mílu að stofngjöld byggji á kostnaði við uppsetningu sambanda. Míla hafi þar af leiðandi ekki innheimt stofngjald þegar fyrirtæki auki gagnaflutningshraðann.

Leigulínusambönd séu yfirleitt leigð til lengri tíma og hafi Míla ekki séð ástæðu til þess að bjóða upp á að setja leigulínusambönd í „geymslu“, enda taki fjarskiptafyrirtæki ákvarðanir um að bjóða þjónustu á tilteknum stað til lengri tíma. Skammtíma ytri atburðir eða rekstrarerfiðleikar viðskiptavina fjarskiptafyrirtækja hafi ekki þau áhrif að fyrirtækin hætti að bjóða þjónustu í stuttan tíma og taka síðan aftur upp á því að veita þjónustu síðar. Í þessu sambandi sé rétt að taka fram að yfirleitt taki fjarskiptafyrirtæki á leigu bandbreið sambönd og bjóða yfir þessi sambönd gagnaflutningsþjónustu til einstaklinga/fyrirtækja. Þótt fyrirtæki/einstaklingar lendi í tímabundnum vandræðum sé fjarskiptafyrirtækið ekki að fara að segja upp stofnlínusamböndum sínum, þar sem þau eru áfram að veita öðrum aðilum þjónustu um sömu sambönd. Hugsanlega á þessi athugasemd Nova betur heima á aðgangsnetsmarkaði þar sem hver heimtaug sé til einkanota fyrir endanotanda.

Míla sé útnefnd með markaðsráðandi stöðu á stofnlínumarkaði og leiguverð eigi að byggja á kostnaði. PFS gefi út leiðbeiningar um kostnaðargrunninn og þurfi Míla að færa fram sterk rök fyrir breytingum telji fyrirtækið nauðsynlegt að gera breytingu á kostnaðarlíkani eða þeim skilmálum sem settir séu. Slík líkön geri eðli máls samkvæmt ekki ráð fyrir sérstökum aðstæðum sem kunna að koma upp í þjóðfélaginu.

Fjarskiptafyrirtæki geti þó alltaf sagt upp samböndum með skömmum fyrirvara án kostnaðar. Stofngjald á samböndum hafi að mati Mílu ekki áhrif á það hvort þessi fyrirtæki komast í gegnum þann mikla vanda sem við blasir og fylgir takmarkaðri eða jafnvel engri starfsemi, enda séu stofngjöld aðeins lítill hluti af heildarkostnaði fjarskipta. Míla vilji þó taka fram að þegar heimsfaraldur af völdum Covid 19 hafi komið upp í mars hafi Míla ákveðið að bjóða þeim fjarskiptafyrirtækjum sem þess óskuðu aukalega bandvidd á stofnneti án endurgjalds, þar sem ljóst var að heimavinna myndi verða mikil í þjóðfélaginu auk þess sem lögð hafi verið mikil vinna í að bæta öryggi sambanda.

Míla útilokar ekki að breyta skilmálum með þeim hætti að viðskiptavinir geti hætt að nota og þar af leiðandi greiða leigu af samböndum í tiltekinn tíma. Míla telur þó þörfina fyrir þessa breytingu meiri í aðgangsneti og muni skoða það nánar.

Afstaða PFS

PFS vísar í svör Mílu og telur ekki þörf á að breyta stofngjöldunum að svo stöddu.

Nova vísar í 63 málsgrein frumdraganna þar sem segi: „Í útreikningum sé gert ráð fyrir ...“. Nova bendir á að lítið sé hægt að átta sig á því hvaða rök þetta séu og hvað sé verið að miða við í kostnaðargreiningunni.

Andsvar Mílu

Hér er átt við að verðskráin fyrir hraðbrautir hækki jafn mikið og aðrar leigulínur.

Afstaða PFS

PFS telur ekki ástæðu til að bæta við svör Mílu.

Nova vísaði til bls. 20 í kafla 5, þar sem gerð væri grein fyrir veldisstuðli. Nova telji að lækkunin sem lögð sé til grundvallar sé alltof lág. Einnig sé algjörlega órökstutt hvers vegna stökkin í verðinu séu jafn afgerandi há og raunin sé, sérstaklega þegar lítið sé til þess að grunnfjárfesting sem notuð sé, þ.e. ljósleiðarinn, þurfi engra breytingar við til þess að ná fram þeirri umframgetu flutnings sem um ræði. Sé það mjög úr takti við kostnaðarhugsun sem ætti að liggja að baki þessum verðum.

Sú hækkun sem sé á verði eftir hraða veki furðu. Hvað sé það t.d. sem geri það að verkum að fyrir samband í 100-200 km flokki kosti, fyrir 3 Gb/s samband 415.764 kr. en 100 Gb/s samband 1.374.038 kr., þ.e. tæplega fjórfaldur munur? Þar megi gera ráð fyrir að stærsti hluti fjárfestingar við samband sé 100-200 km langur ljósleiðari sem í lagningu kosti það sama, óháð hraða.

Almennt séð sé viðbótarkostnaður við að veita 100G þjónustu á tiltekinni leið umfram 10G þjónustu eingöngu fölginn í fjárfestingu í búnaði. Sú búnaðarfjárfesting, þegar í hana hefur verið ráðist, nýtist jafnt til að veita 10G, 25G, 50G og 100G sambönd og kostnaðargrunnur á bandvíddareiningu ætti því að vera svipaður fyrir hvern bandvíddarflokk. Því megi færa fyrir því sterk rök að verð fyrir þessa bandvíddarflokka ætti ekki að aukast nær línulega eins og lagt sé til heldur fari mjög lækkandi á hverja bandvíddareiningu eftir því sem stærri sambönd séu tekin. Verðlagning ætti að hvetja til meiri notkunar ekki letja.

Andsvar Mílu

Míla vísaði því á bug að stökkin á milli gagnaflutningshraða væru há. Munur á 3 Gb/s og 100 Gb/s er ekki tæplega fjórfaldur heldur rúmlega þrefaldur. Í raun séu fjarskiptafyrirtæki að greiða 3,3 sinnum meira fyrir 33 sinnum meiri bandvídd. Þetta þýði að ef um sé að ræða 3 Gb/s greiðir fjarskiptafyrirtæki 138.588 kr. fyrir hvert Gb, en ef um er að ræða 100 Gb/s greiðir fyrirtækið 13.740 kr., eða um 10 sinnum minna.

Þótt viðbótarkostnaður við aukna bandvídd sé ekki mikill þurfi að deila kostnaði niður á þau sambönd sem leigð séu. Ef sambönd ættu að kosta jafn mikið án tillits til gagnaflutningshraða yrði leiguverð fyrir þau fyrirtæki sem þurfi litla bandvídd alltof hátt. Míla bendi á að þeir viðskiptavinir sem kaupi mestu bandvíddina myndu þá greiða mun minna, miðað við smærri

aðila, sem myndi gera það að verkum að smærri aðilar hefðu ekki bolmagn til að kaupa leigulínubjónustu af Mílu.

Við gerð kostnaðarlíkana, þar sem fjarskiptafyrirtæki deili með sér bandvídd, þurfi að taka tillit til þess að sá sem leigir meiri bandvídd, sé að nýta meira af ljósleiðaranum og búnaði en sá sem kaupir litla bandvídd. Ljóst sé þó að ekki væri heldur sanngjarnt að hafa muninn línulegan, enda eins og Nova bendir á, sé viðbótarkostnaðurinn ekki línulegur þegar bandvídd eykst. Míla hafi því farið millivegin í útreikningi sínum, þ.e. þeir sem kaupi mikla bandvídd, njóti stærðarhagkvæmninnar en þurfi samt að greiða meira en sá sem leigi litla bandvídd.

Hér sé verið að skipta niður kostnaði í samræmi við þá aðferðarfræði sem PFS mælti fyrir um í markaðsgreiningu. Þannig þurfi verðbreytingar að taka tillit til notkunar forða og breytinga á vörukaupum.

Afstaða PFS

Eins og fram kemur í svari Mílu þá er hér um að ræða aðferð við að skipta undirliggjandi kostnaði niður á þá bjónustu sem er í boði. Ef ákveðið er að lækka verð á einum bjónustubætti þá þurfa aðrir bjónustubættir að hækka á móti, því heildarkostnaðurinn helst óbreyttur. Notaðir eru stuðlar til að reikna ígildi bjónustubátta og þannig er lagt mat á virði mismunandi bjónustubátta, í þessu tilfelli er það gert út frá lengd sambanda og bandbreiddar. Kostnaðinum er síðan deilt niður á samböndin/bjónustubættina í samræmi við það. Það er því ekki hægt að lækka verðið á tilteknum samböndum án þess að það hafi áhrif á verð annarra sambanda. Ekki er um beint samband að ræða milli kostnaðar hvers sambands og verðs en með ígildum er reynt að taka tillit til kostnaðarbátta. Þannig eru t.d. lengri sambönd með fleiri ígildi þar sem undirliggjandi kostnaður er kílómetra háður.

GR benti á að það sé öfugur verðmunur á ólíkum bjónustum. GR vísi hér í kafla 5.1 í frumdrögunum þar sem fram komi að MPLS-TP bjónusta Mílu keyri yfir sama bylgjulengdarkerfi og ný Ethernet sambönd Mílu á landshring. MPLS-TP bjónustan sé Ethernetbjónusta yfir bylgjulengd þar sem bandvídd sé oft deilt með öðrum og þannig náist kostnaðarhagræði. Bandvídd sé þannig ekki tryggð. Hins vegar sé Hraðbraut Mílu með tryggða bandvídd. Það skjóti þannig skökku við að Hraðbraut sé seld á mun lægra verði en MPLS-TP bjónustan. Það má því velta fyrir sér hvers vegna MPLS-TP bjónustan sé ekki ódýrust, og þá sérstaklega innansveitar samböndin sem hins vegar séu dýrust. [...]

Andsvar Mílu

Míla bendir á að það sé ekki rétt að Ethernetbjónustan sé með ótryggðri bandvídd. Það sé þó hægt að leigja umframbandvídd (ónýtta) á 10% af verði fyrir tryggðu bandvíddina (EIR), hámark 1 Gb/s.

Afstaða PFS

Fram kemur í verðskrá Mílu fyrir Ethernetþjónustuna að um sé að ræða tryggða bandvídd. Því eiga þær vangaveltur GR um að bandvídd MPLS-TP þjónustu sé oft deilt með öðrum og öfugan verðmun ekki við hér. Það sem ræður mestu um verðmun milli einingakostnaðar milli Hraðbrautar og MPLS-TP þjónustu Mílu er, samkvæmt Mílu, kostnaður vegna búnaðar, undirliggjandi ljósleiðarar og fjöldi seldra sambanda (sem er áætlaður fyrir nýjar vörur). Það sama á við um muninn milli sambanda á hring og utan hrings. Núverandi gjaldskrá Mílu á stofnlínumarkaði byggir á nokkrum kostnaðargreiningum vegna þess að Míla hefur verið að bjóða mismunandi þjónustu á þessum markaði og einnig hafa samböndin verið að þróast úr hefðbundnum leigulínum yfir í Ethernetþjónustu með notkun MPLS-TP búnaðar.

PFS telur rétt að við næstu endurskoðun á gjaldskrá á þessum markaði verði kostnaðarlíkanið tekið til endurskoðunar í heild sinni. Þá verður væntanlega ljósara hvernig eftirspurnin hefur þróast á þeim nýju vörum sem Míla hefur verið að bæta við þjónustuframboð sitt. Að þessu sinni hyggst stofnunin hins vegar samþykkja óbreytta uppbyggingu á gjaldskránni. Þá hefur PFS einnig hafið markaðsgreiningu á þessum markaði og verður þá þróun á samkeppni á markaðnum, sem og þróun í tæknilausnum, skoðuð. Í þeirri greiningu gæti einnig komið til þess að mælt verði fyrir um breytt kostnaðarlíkan ef niðurstaða markaðsgreiningarinnar verður sú að Míla sé með umtalsverðan markaðsstyrk á þessum markaði.

Nova vísar í umfjöllun á bls. 21 í frumdrögunum. Í öllum liðum hækki verð Mílu á þjónustu. Það gefi til kynna að lítið sé reynt að hagræða í rekstri. Ekki sé um að ræða aukið magn viðskipta sem geti leitt til lækkunar og almennt þurfi því alltaf að hækka þjónustu. Nova ítreki þá afstöðu sína að þetta endurspegli hversu úrelt fyrirkomulag Mílu sé og þyki það miður.

Þá gerði Nova athugasemdir við það sem fram komi í svari Mílu við fyrirspurn en á bls. 22 segi í svari Mílu:

„Það er rétt að það er töluvert mikill verðmunur á hraðbrautarvörum og vöruflokknum Ethernetþjónusta. Það á einnig við um 1 Gb/s og 10 Gb/s.

Hraðbraut 1 Gb/s kostar t.d. 63.791 kr. en samsvarandi 1 Gb/s í Ethernetþjónustu kostar hins vegar 130.576 kr. eða ríflega tvöfalt meira.

Það að bjóða 100 Gb/s sem Ethernetþjónustu á 1.339 þús.kr. á mánuði á meðan samsvarandi hraðbrautarvara væri 818 þús. kr. fellur því alveg inn í rammann á núverandi vöruframboði. Míla hefur ekki fengið athugasemdir við þennan verðmun frá viðskiptavinum sínum.“

Nova efist um eða sé a.m.k. ekki kunnugt um að umrædd verðskrá hafi boðið uppá miklar umræður hvað Mílu varði. Þegar Nova hefur í gegnum tíðina leitað eftir betri verðum af hálfu Mílu hafi viðkvæðið verið að vegna verðkvaða séu ekki í boði afslættir eða sérkjör.

Þá segir í framhaldi í svari Mílu bls. 22:

„Hraðbrautarvaran er því eingöngu hugsuð fyrir mikinn gagnaflutning á sérhæfðri þjónustu og nær aðeins til takmarkaðra staða, á Höfuðborgarsvæðinu og Reykjanesi og til gagnavers á Blönduósi. Þar sem Míla er að bjóða hraðbraut til gagnaversins á Reykjanesi taldi Míla ekki forsvaranlegt annað en að bjóða hraðbraut á svipuðum kjörum til Blönduóss. En hraðbrautarvaran var hugsuð fyrir fyrirtæki á smásölumarkaði sem þarfnast mikillar gagnaflutningsgetu, en ekki fyrir uppbyggingu fjarskiptaneta fyrir fjarskiptafyrirtæki eins og Ethernetþjónustan er hugsuð. Fjarskiptafyrirtæki taka á leigu Ethernetþjónustusambönd og nýta þau í margskonar fjarskiptaþjónustu, s.s. farsíma, talsíma og gagnaflutning. Míla telur því að þessar vörur ekki sambærilegar í dag.“

Nova taldi að þarna væri Míla að tala um epli og epli en reyni að láta líta út fyrir að það séu epli og appelsínur, þ.e. hér sé um að ræða vörur sem séu nær alveg sambærilegar.

Það að bjóða gagnaverum betra verð en fjarskiptafyrirtækjum sem kaupi miklu meiri þjónustu af Mílu sé með ólíkindum óeðlilegir viðskiptahættir. Sömu innviðir séu að nær öllu leyti notaðir til að veita þjónustuna, sér í lagi þegar litið sé til ljósleiðara í jörðu sem myndi mestan hluta kostnaðar sé litið til líftíma tækninnar. Engin rök er lúti að kostnaði séu fyrir þessum verðmun og því beinir Nova því til PFS að taka stuðning sinn við þá verðlagningu til endurskoðunar.

Andsvar Mílu

Míla tilgreinir að fullyrðing Nova um að það að verð hækki jafnt bendi til þess að Míla reyni ekki að hagræða í rekstri sínum sé rökleysa. Vísar Míla til svars hér að ofan þar sem bent sé á að kostnaðargrunnur í því líkani sem sé í yfirferð hér sé svipaður og árið 2011 auk þess sem boðuð verðhækkun sé langt undir almennum verðlagsbreytingum.

Auk þess hafi verið gerðar margvíslegar breytingar á verðskrá sem hafa leitt til þess að viðskiptavinir geti leigt margfalt gagnamagn á lægra verði en áður. Samböndum hafi fækkað mikið en á móti hafi gagnamagn aukist margfalt.

Nova fullyrði að fyrirtækið hafi ekki getað tjáð sig um verðskrá fyrir Hraðbrautir. Míla bendi í því sambandi á að allar verðskrár fyrir stofnnet Mílu fari í samráð áður en PFS gefi út ákvörðun um verð, þ.á.m. Hraðbrautin. Það sé rétt að Míla hafi engan sveigjanleika við að veita afslætti eða sérkjör þar sem verðskráin sé undir eftirliti PFS.

Nova geri að lokum athugasemd við verðlagningu á 100 Gb/s í flokknum Ethernetþjónusta og sama hraða í Hraðbraut og telur fyrirtækið að þar sé um að ræða „algjörlega sambærilegar vörur“. Míla sé þessu ósammála. Kostnaðargrunnurinn sé t.a.m. ekki sá sami. 100 Gb/s Ethernetþjónusta nái allan hringinn um landið og liggi þar að baki um 900 km í beinlínu í hringinn um landið (um 1200 km í raunlengd). Þetta þýði að undirliggjandi kostnaður sé mjög hár þar sem reikna þurfi með kostnaði við ljósleiðara allan hringinn um landið, auk þess sem það þurfi til fleiri búnaðareiningar og hýsingarstaði. Þá sé alls óvíst hver nýtingin á þessum samböndum verði og hvaða áhrif þessi vara hafi á núverandi tekjustreymi Mílu. Hraðbrautin sé í boði á þéttbýlissvæðum, þar sem vegalengdir séu styttri, þrátt fyrir hraðbraut til Blönduóss.

Míla geri auk þess ráð fyrir að nýting hraðbrautar til Blönduóss verði mun betri en á 100 Gb/s Ethernetþjónustu hringinn um landið.

Þá sé sú þjónusta sem veitt sé með Ethernetþjónustunni önnur en á hraðbraut. Hraðbrautir séu fastvíruð sambönd með litla yfirbyggingu, þar sem kostnaður á bakvið hvern bita (eða hvert Gb) sé lægri en á Ethernetþjónustu samböndum.

Eins og fram komi hér að ofan hafi gagnaflutningsgeta verið aukin í samræmi við þarfir markaðar og verð lækkað og það sé ljóst að ef tekjur af 100 Gb/s Ethernetþjónustu verði meiri en uppsögð sambönd á móti muni verðið lækka þar sem verð eigi að byggjast á kostnaði.

Afstaða PFS

PFS tekur undir með Nova að það eigi ekki að vera ráðandi þáttur í verðlagningu hver kaupandinn sé. Míla hefur tilgreint í svari sínu að það sé kostnaðarmunur á bak við hvern bita sem skýri verðmun á milli Ethernetþjónustu og Hraðbrautar, þar sem þjónustan sé önnur og að Hraðbrautir séu fastvíruð sambönd. Að mati PFS þarf þetta atriði frekari skoðunar við, en telur samt að það þurfi að gerast með heildarendurskoðun á kostnaðargrunni leigulínugjaldskrárinnar sem nauðsynlegt sé að fara í við næstu endurskoðun á gjaldskrá Mílu fyrir þessa þjónustu eða við endurskoðun á markaðsgreiningu stofnlínumarkaðar sem nú er í vinnslu hjá PFS. Því hyggst PFS samþykkja þessa uppbyggingu á gjaldskrá Mílu að svo stöddu en að þetta atriði verði skoðað nánar við næstu endurskoðun á gjaldskrá Mílu.

Nova vísaði einnig í eftirfarandi svar Mílu:

„Uppbygging á 100 Gb/s á landshring þarf enn fremur að skoða m.t.t. uppbyggingar stofnnetsins í heild. Framboð á 100 Gb/s til valdra staða getur valdið tekjulækkun til skemmri tíma a.m.k. þar sem viðkomandi segir hugsanlega upp á móti bandmjórri samböndum á móti.

Það fer því eftir eftirspurn og áhrifum á tekjur af núverandi leigulínusamböndum hvernig leiguverð þróast. Míla stefnir að því að auka framboð háhraðatenginga, en þarf á móti að gæta þess að þegar viðskiptavinur leigir t.d. 100 Gb/s gæti það leitt til uppsagna á fjölda minni sambanda.“

Í þessu svari sé enn vikið frá því að byggja röksemdafærslu á kostnaði og þá kostnaðargreiningu. Þess í stað sé verið að líta til tekna sem tilheyra þjónustupáttum sem séu á útleið.

Það að breytingar á þjónustu vegna eðlilegrar þróunar bitni á eldri þjónustupáttum skipti engu máli í þróun þess verðs þar sem litið sé til framtíðar. Afskriftir og annað slíkt hafi tekið eldri sambönd með í reikninginn og nýjar fjárfestingar taki við með eðlilegum hætti. Óheilbriggt sé að ganga að því sem vísu að allar tekjur í slíkri umbreytingu eigi að haldast óbreyttar.

Andsvar Mílu

Míla benti á að ef Nova skoðaði betur þær forsendur sem gefnar væru í kostnaðargreiningum Mílu sæist að þessar fullyrðingar væru úr lausu lofti gripnar. Að sjálfsögðu reikni Míla ekki „blindandi“ verð miðað við núverandi stöðu á þeim samböndum sem séu leigð hjá Mílu. Grunnurinn sé núverandi staða og síðan sé það skoðað hvort og þá hvaða áhrif nýtt vöruframboð hafi á rekstur Mílu, en samkvæmt ákvörðun PFS skal leiguverð byggja á kostnaði. Sem dæmi tók Míla á sig tekjulækkun þegar Ethernetþjónustan kom á markað, þar sem ljóst væri að dýrari leigulínusamböndum yrði sagt upp og leigð yrðu ódýrari Ethernetsambönd í staðinn. Farið var ítarlega yfir þetta með PFS á sínum tíma og féllst stofnunarinn á að Míla myndi byggja verðskrána upp með þessum hætti þar sem það var talið að Míla myndi vinna tekjulækkunina upp á tiltölulega skömmum tíma. Í þessari greiningu var veldisstuðull lækkaður og er Míla meðvituð um að það að bjóða þessa vöru geti leitt til skerðingar á tekjum þegar fjarskiptafyrirtæki segi upp $x \cdot 10$ Gb/s samböndum til að leigja 100 Gb/s í staðinn. Í grunninn þurfa tekjur Mílu að standa undir kostnaði og vegna kvaða um eftirlit með verðskrá sé sveigjanleikinn í verðlagningu lítill. Míla hefur þó, eins og dæmin sanna, byggt upp líkönin með það að leiðarljósi að bjóða meiri bandbreidd á sama verði, en þegar gerðar séu breytingar þurfi að fara sérstaklega yfir það með PFS og færa rök fyrir því hvers vegna þær séu gerðar.

Afstaða PFS

Þegar byggt er á sögulegum kostnaði er gert ráð fyrir að kostnaður Mílu endurheimtist með tekjum af sölu viðkomandi þjónustu. Þegar ný vara er sett á markað liggur það ekki nákvæmlega fyrir hvernig hún muni hafa áhrif á tekjustreymi, en reynt er að áætla áhrifin þannig að kostnaður endurheimtist. Að mati PFS þarf að fara í heildarendurskoðun á kostnaðarskiptingu við næstu endurskoðun á gjaldskrá Mílu á þessum markaði og hyggst PFS kalla eftir slíkri endurskoðun á næsta ári.

GR vísar í kafla 5.1 sem fjallar um gjaldskrá Mílu fyrir 100 Gb/s sambönd á landshring. GR benti á að þar haldi Míla því fram að Hraðbraut sé ekki heppileg vara fyrir fjarskiptafélög á landshring. Eftir sem áður séu fjarskiptafélög að kaupa þessa vöru fyrir sín eigin grunnkerfi til Reykjaness. Enginn eðlismunur sé á sambandi frá Reykjavík til Reykjaness samanborið við frá Reykjavík til Hvolsvallar, Akureyrar eða Egilsstaða. Vara sem sé byggð á bylgjulengdarbúnaði, með frátekna bandvidd og „Layer 2“ þjónusta henti fjarskiptafélögum sérstaklega vel til að reka aðra þjónustu ofan á.

Hraðbraut Mílu keyri á Ekinops bylgjulengdarbúnaði Mílu og sé því í eðli sínu á engan hátt frábrugðin þjónustum á nýju bylgjulengdarkerfi Mílu sem falli undir Ethernet verðskrá Mílu. Líklegt megi telja að Hraðbrautin sé eða verði þjónustuð á nýja kerfinu enda Ekinops kerfið orðið tiltölulega gamalt og væntanlega afskrifað (samanber 8 ára afskriftartíma Mílu).

Ekki sé hægt að sjá annað en að með verðstefnu Mílu sé verið að halda aftur af samkeppni og viðhalda tekjum á kostnað þjónustu.

Andsvar Mílu

Míla vísar til svars við sambærilegri athugasemd Nova.

Afstaða PFS

PFS vísar í fyrri umfjöllun hér að ofan. Eins og þar kemur fram hyggst PFS samþykkja þessa uppbyggingu á gjaldskrá Mílu að svo stöddu en að þetta atriði verði skoðað nánar við næstu endurskoðun á gjaldskrá Mílu.

4 Gjaldskrár tengdar sérsamningum Mílu

Nova vísaði í málsgreinar 46 og 47 í frumdrögunum og bendir á að Míla tiltaki hvaða hlutar kosti mest þ.e.: „*Langstærsti hluti kostnaðar á þeirri þjónustu sem Míla býður liggur í ljósleiðara, bylgjulengdarkerfi, örbylgjum og stjórnneti og er þetta undirlag nýtt undir alla stofnnetþjónustu Mílu.*“

Þegar litið sé á þessar skýringar sem og verðtöflu á bls. 21 er augljóst að lengdarþáttur ljósleiðara í verði sé verulega hár.

Mjög sérstakt sé að það séu í gangi sérkjör fyrir aðila sem þó nýta grunninnviði sem mynda þann kostnaðargrunn sem um er að ræða. Aðrir aðilar séu því að taka á sig þá lækkun sem þessum aðilum er boðið.

Andsvar Mílu

Míla tók undir það með Nova að lengdarþáttur ljósleiðara í verði sé að sjálfsögðu hár, enda sé kostnaður við lagningu ljósleiðara mikill. Auk þess þurfi ekki marga þræði til að þjóna öllu fjarskiptanetinu. Það leiði til þess að hver km í ljósleiðaraþræði sé ekki ódýr.

Nova haldi því fram, að í gangi séu sérstök kjör fyrir aðila sem „þó nýta grunninnviði sem mynda kostnaðargrunn fyrir leigulínur“, án þess að vísa til þeirra aðila sem slíkra kjara njóti. Í samráðsskjali PFS sé vísað til samninga Mílu við utanríkisráðuneytið annars vegar og Farice hins vegar og mögulega sé Nova að vísa til þeirra. Þessir samningar varði ekki almennt vöruframboð Mílu, þ.e. þau varði rekstur ljósleiðaraþræða í eigu annars aðila (Íslenska ríkisins fyrir hönd NATO) og langtímasamning vegna útlandasambanda. Aðrir viðskiptavinir Mílu njóti góðs af þessum samningum, þar sem kostnaðargrunnur fyrir stofnnetið lækki vegna þeirra. Þessir samningar taki verðlags/gengisbreytingum. Rétt sé að benda á að verðlag hefur hækkað meira en sem nemur fyrirhugaðri hækkun stofnlínusamninga.

Afstaða PFS

PFS er ekki í þessum drögum að fjalla um innihald samninga Mílu við utanríkisráðuneytið og Farice en þó ber að geta þess að samkvæmt ákvörðun PFS nr. 9/2008 um kröfu um afhendingu verðtilboða í tiltekin ljósleiðarasambönd, dags. 22. apríl 2008, ber Mílu að bjóða öðrum fjarskiptafyrirtækjum samskonar aðgang og félagið veitir Farice og á sömu kjörum.

PFS gerir ekki athugasemd við að tekið sé tillit til þessa samninga í þessum kostnaðarútreikningum með því að draga tekjur vegna þeirra frá kostnaðargrunninum.

GR vísaði í tölulið 47 í kafla 4.1 þar sem meðal annars komi fram óskir Mílu um að hækka alla þjónustupætti jafnt sé tekið sérstaklega fram að slík hækkun muni þó aðeins ná til sumra viðskiptavina. Af þessu leiði að Míla sé með a.m.k. tvær verðskrár og að aðeins standi til að hækka hluta þeirra (gagnvart hluta viðskiptavina). Fram komi að Míla vilji halda óbreyttu verði gagnvart Farice, Utanríkisráðuneytinu og fleiri aðilum. Bæði hljóti þetta að skekkja útreikninga á nauðsynlegum hækkunum gagnvart þeim sem kaupi þjónustu á opinberri verðskrá og eins skapi hættu á að útvaldir aðilar fái lægra verð. Ekki komi fram hvaða forsendur þurfi að vera til staðar til þess að fá umrædd sérverð en leiða má að því líkum að þau fáiist með útboðum út frá þeim aðilum sem séu nefndir sérstaklega.

Þekkt sé að Utanríkisráðuneytið hafi farið í útboð þar sem fjarskiptafyrirtæki hafi boðið í þjónustu. Í gögnunum er staðfest að Míla virðist hafa boðið á móti þeim og hneppt a.m.k. hluta sambanda. GR spyr PFS hvort það sé mat PFS að eðlilegt sé Míla geti þannig boðið gegn viðskiptavinum sínum og boðið verð utan samþykktar verðskrár.

Annað tilfelli sem vel sé þekkt sé sérstakt útboð Kópavogsbæjar þar sem bærinn óskaði eftir því að eignast þræði í ljósleiðurum eftir tiltekinn tíma. Þar buðu fjarskiptafélög í þjónustuna þar sem skilyrði Kópavogsbæjar voru uppfyllt og vitað sé að það var með samþykki Mílu, að öðrum kosti hefðu fjarskiptafélögin ekki getað uppfyllt umrædd skilyrði um eignarhald á ljósleiðaraþráðum. Þar með hljóti þau sambönd einnig að vera á sér verðskrá. Veki framangreint upp ýmsar spurningar varðandi verðskrá Mílu og hversu opinber hún sé. GR spyr hvort fjarskiptafélög séu þannig að versla vörur annars vegar á opinberri, og þar með samþykktari verðskrá og hins vegar á leynilegri verðskrá.

Þetta veki upp ýmsar spurningar og beinir GR því til PFS að skoða hvernig þessu sé háttað og að sama skapi hvernig sé með Símann sem fer með eignarhald á Mílu. Fái Síminn aðgang að lægri verskrá í einhverjum tilvikum? [...]

Andsvar Mílu

Míla vísaði til svars við samsvarandi athugasemdar Nova hér að ofan varðandi Farice og utanríkisráðuneytið. Eins og komi fram í því svari séu verðbreytingar á þessum samningum.

GR segir; „...í gögnum sé staðfest að Míla virðist hafa boðið..“. GR segist sem sagt hafa undir höndum gögn sem staðfesti að Míla hafi tekið þátt í útboði á vegum utanríkisráðuneytisins og hreppt a.m.k. hluta sambanda. GR vísi að öðru leyti hvorki til þess hvaða útboðs sé um að ræða eða hvaða gögn liggi að baki eða hvað þau „virðist“ staðfesta. Samningur Mílu við utanríkisráðuneytið sé um rekstur á þremur ljósleiðaraþráðum sem sé í sameiginlegum streng Mílu og NATO, en þessir þræðir séu í umsjá utanríkisráðuneytisins en eign NATO eftir því sem

Míla komist næst. Þá taki Míla fram að fyrirtækið hafi ekki tekið þátt í neinum útboðum utanríkisráðuneytisins.

Útboð Kópavogsbæjar hafi verið um kaup á ljósleiðaraþráðum í samræmi við setta skilmála í útboðslýsingu. Um þetta hafi ítrekað verið fjallað og ekki ástæða til að tíunda frekar hér.

Míla benti einnig á að fyrirtækinu sé almennt heimilt að taka þátt í útboðum rétt eins og öðrum aðilum. Míla þurfi hins vegar að gæta þess að tilboðið sé á jafnréttisgrundvelli og þær vörur sem séu undir verðkvöðum og nýttar séu í útboðinu séu í samræmi við almenna verðskrá.

Það sé því miður þekkt aðferð hjá GR, að koma fram með staðlausar staðhæfingar, búa til rangar forsendur og draga svo af þeim ályktanir, s.s. að til sé „sérstök verðskrá“ sem „mögulega Síminn hafi einn aðgang að“. Míla vísi þessari aðdróttun GR á bug enda selji Míla vörur sínar til allra viðskiptavina sinna með sömu kjörum og sömu skilmálum, hvort sem um sé að ræða Símann, sölu innan afkomueininga Mílu eða aðra viðskiptavini. Þá séu allar verðskrár Mílu opinberar, öfugt við það sem gerist hjá GR. Míla vísi í þau gögn sem PFS hafi undir höndum varðandi leigu á samböndum til Símans, en þar koma fram öll viðskipti milli félaganna og sjáist að engin óeðlileg viðskipti eigi sér stað.

Míla bendir á að líta ber á örökstuddar staðhæfingar og fullyrðingar Gagnaveitu Reykjavíkur á hendur Mílu í því ljósi að um er að ræða einn megin samkeppnisaðila Mílu.

Afstaða PFS

PFS vísar til svars hér að ofan varðandi samninga Mílu og ítrekar að Míla þurfi að taka tillit til kvaðar um jafnræði og eftirlits með gjaldskrá í öllum sínum samningum.

PFS vísar í eftirfarandi í andsvari Mílu:

„Míla benti einnig á að fyrirtækinu sé almennt heimilt að taka þátt í útboðum rétt eins og öðrum aðilum. Míla þurfi hins vegar að gæta þess að tilboðið sé á jafnréttisgrundvelli og þær vörur sem séu undir verðkvöðum og nýttar séu í útboðinu séu í samræmi við almenna verðskrá.“

Í þessu sambandi vill PFS taka það fram að ef þátttaka í útboði feli í sér að til verður ný vara þá beri Mílu að bjóða öðrum fjarskiptafyrirtækjum slíka vöru á jafnréttisgrundvelli sbr. ákvörðun PFS nr. 9/2008 um kröfu um afhendingu verðtilboða í tiltekin ljósleiðarasambönd, dags. 22. apríl 2008 og nr. 21/2015 um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína, 12. ágúst 2015.

[...]

5 Rekstrarkostnaður

Nova vísaði í málsgrein 58 í frumskjalinu og taldi það vera ógegnsett og örökstutt hvers vegna yfirstjórnarkostnaður hækki, sem og skýringar um kreditfærða hýsingu sem komi til eins og hún hafi verið algjörlega ófyrirséð. [...]

Í fjórðu málsgrein komi fram að um raun hækkun sé að ræða og þá að auki líkur á að ekki sé að takast að ná fram skilvirkum og hagkvæmum rekstri eins og gefið sé í skyn að stefnt sé að. Hér leiki því vafi á hvort reynt sé nægilega að ná fram þeirri skilvirkni í rekstri sem gera eigi kröfu til, a.m.k. ætti þá að taka tillit til þess í verðlagningu og þá til lækkunar séu rök fyrir að gera þar talsvert betur.

Andsvar Mílu

Míla bendir á að fyrirtækið hafi rökstutt vel breytingar á rekstrarkostnaði í kostnaðarlíkaninu. PFS fari yfir þennan kostnað og gerði ekki athugasemdir við hann. Míla telji því óþarfi að svara þessum lið frekar að öðru leyti en því að því sé vísað á bug að Mílu hafi ekki tekist að ná hagkvæmni, enda sjáist það berlega að tekjur Mílu árið 2011 séu svipaðar og þær séu nú (sem sýni að kostnaðargrunnurinn hafi lítið breyst) á meðan almennt verðlag hafi hækkað um 30%.

Afstaða PFS

PFS hefur yfirfarið rekstrarkostnað Mílu og gerir ekki frekari athugasemdir við hann. Eins og kemur fram hjá Mílu hefur rekstrarkostnaður hækkað minna en sem nemur vísitölhækkunum.

6 Svör markaðsaðila við andsvörum Mílu

PFS bar svör Mílu með tillögu að breytingu undir GR og Nova. Ekki bárust frekari athugasemdir frá Nova.

Í svari GR, dags. 18. desember 2020, benti GR á að af erindi Mílu megi ráða að athugasemdir hafi verið samhljóma um að verðskrá Mílu hamli framþróun og samkeppni að mati markaðsaðila sem virðist þannig vera sammála um stöðu markaðar. Vart sé að sjá að Míla hafi í erindi sínu svarað efnislega einstökum athugasemdum.

Míla tilgreini verðlækkanir í erindi sínu og eftir því sem best væri séð sé vísað til verðskrár sem sé allt að 16 ára gömul til þess að sýna fram á verðlækkanir svo einhverju nemi. Í erindi sínu haldi Míla því fram að verðlækkanir á þessum tíma séu umtalsverðar og telji í tugum prósent. Ef umræddar verðlækkanir séu settar í samhengi við bandvíddarþróun á sama tíma (sem er að jafnaði 40% aukning á ári með stærri stökkum inn á milli) og sömuleiðis þróun afhentar bandvíddar hefðbundinna heimilis- og/eða fyrirtækjatenginga á sama tímabili mætti í raun segja að um verðhækkun væri að ræða. Míla hafi þannig tekið til sín auknar tekjur vegna eðlislægrar aukningar bandvíddar á markaði. Ekki virðist horft til þess að afkastageta búnaðar sé á sama tímabili að margfaldast sem auki þannig nýtingu undirliggjandi ljósleiðara með meiri flutningsgetu. Almennt megi gera ráð fyrir að á þeim tímaskala sem Míla noti til viðmiðunar í erindi sínu hafi bandvíddarþörf aukist 150-500 falt og flutningsgeta ljósleiðara meira en 100 falt.

GR mótmælir því að félagið komi með „staðlausar staðhæfingar, búi til rangar forsendur og dragi af þeim ályktanir...“ eins og kemur fram í svörum Mílu við athugasemdum GR. Það sé



staðreynd að á Mílu hvíli kvaðir vegna umtalsverðrar markaðsráðandi stöðu en engar slíkar kvaðir hvíli á GR. Það sé afstaða GR að koma fram af heilindum og fáist ekki annað séð af svörum Mílu en að athugasemdir GR virðist vera í samræmi við athugasemdir annarra markaðsaðila.

Afstaða PFS

Varðandi athugasemdir um að verðskrá Mílu hamli framþróun þá vísar PFS í fyrri svör hér að framan. Ef gera á grundvallarbreytingar á því hvernig gjaldskráin er uppbyggð, þ.e. ef miða á við aðra þætti en gagnahraða og vegalengdir þá þarf að taka á því í markaðsgreiningu á viðkomandi markaði og það síðan lagt fram til samráðs fyrir aðila markaðarins. Þá er rétt að benda á að ef breyta á vegalengdarflokkum þannig að vægi lengri sambanda verði minni þá mun það valda því að styttri sambönd verði dýrari að öðru óbreyttu, þar sem kostnaðargrunnurinn mun ekki breytast, einungis skipting kostnaðar. PFS hyggst að þessu sinni samþykkja beiðni Mílu um að uppbygging gjaldskrárinnar haldist óbreytt.

Hvað varðar umfjöllun um þróun verðskrárinnar og samanburð Mílu, þá má skoða það á ýmsa vegu og ljóst að mismunandi niðurstaða fæst eftir því hvaða ár eru borin saman. Eins og fram hefur komið er umrædd hækkun frá núverandi gjaldskrá innan við hækkun vísitölu.

Að örðu leyti telur PFS ekki nauðsynlegt að fjalla frekar um athugasemdir fyrirtækjanna.